

Fundargerð 15. fundar í Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar 11. september 2007 kl. 13:00 á skrifstofu ÞK, byggingu 946, Keflavíkurflugvelli.

Mættir voru:

Magnús Gunnarsson, stjórnarformaður

Árni Sigfússon, varastjórnarformaður

Stefán Þórarinsson, stjórnarmaður

Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar.

Fundargerð síðasta stjórnarfundar var borin upp og var hún samþykkt af viðstöddum stjórnarmönnum.

2. Sala og leiga eigna.

a. Atlantic film studios

Stjórnin samþykkti að fela stjórnarformanni og framkvæmdastjóra heimild til að klára samninga við AFS út frá þeim tillögum sem kynntar voru á fundinum. Um er að ræða 12 eignir samtals að verðmæti kr. 575 milljónir.

b. Háskólavellir.

Stjórnin samþykkti að fela stjórnarformanni og framkvæmdastjóra heimild til að klára samninga við Háskólavelli út frá þeim tillögum sem kynntar voru á fundinum. Um er að ræða 96 eignir samtals að verðmæti um 14 milljarða króna.

c. Háhýsi ehf.

Lagt var fram á fundinum tilboð í eign 638 frá Háhýsi ehf. Markmiðið er að nýta húsnæðið undir farfuglaheimili. Stjórnin taldi að tilboðið væri of lágt og var því þar af leiðandi hafnað. Einnig taldi stjórnin ekki rétt á þessu stigi að úthluta þessu svæði undir slíkan rekstur.

d. Norðurál.

Kynnt var á fundinum tilboð Norðuráls um leigu á frekari húsnæði. Stjórn fól framkvæmdastjóra að ræða málið betur við Norðurál og vinna áfram.

e. Keilir.

Farið var yfir stöðu í viðræðum við Keili um kaup á skólabyggingu og leikskóla. Stjórn ÞK var sammála um að töluverðar endurbætur væru nauðsynlegar til að koma skólahúsnæði í kennsluhæft ástand og þannig að það uppfyllti þær íslensku nútímakröfur sem gerðar eru til slíks húsnæðis. Ljóst er skv. áætlun að endurbætur á skólahúsnæði muni nema um 500 milljónum króna. Áætlað er því að samanlagt söluverð byggingar 774 og 910 sé um 300 milljónir kr. Stjórnarformanni og framkvæmdastjóra var falið að vinna málið áfram á ofangreindum nótum.

f. Þjóðkirkjan

Viðræður hafa staðið yfir við Þjóðkirkjunnar um kaup á byggingu 775 „Kapellu Ljóssins“ auk íbúða. Stjórn ÞK faldi stjórnarformanni og framkvæmdastjóra að vinna málið áfram á þessum nótum.

3. LOI – Inpro

Samþykkt voru drög að viljayfirlýsingu við Inpro um að kanna möguleika á heilsutengdri uppbyggingu. Stjórn ÞK telur mikilvægt að slík þróun eigi sér stað m.t.t. heildaruppbyggingar á heilsutengdri þjónustu m.a. í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og fleiri aðila.

4. Staða annarra verkefna
Farið var yfir stöðu verkefna. Stjórn ÞK telur mikilvægt að hraða verkefnum í takt við þær sölur sem framundan eru.
5. 6 mánaða uppgjör
Lagt var fram á fundinum 6 mánaða uppgjör og var það samþykkt.
6. Önnur mál
Lagt var fyrir stjórn tilboð í að fjarlægja annars vegar skemmu á Stafnesi nr. 1648 frá Jóa Blakk ehf. sem greiðir ÞK kr. 933.750.- með vsk og skúr við Grænás frá HM málningarþjónustu sem greiðir ÞK kr. 498.000,- m. vsk. Stjórnin samþykkti bæði tilboðin.
Þá hafa staðið yfir viðræður við HS um áhuga þeirra á að kaupa dreifikerfi vatns og rafmagns ásamt fráveitukerfi á svæðinu. Stjórnin samþykkti að halda viðræðum áfram.
Stjórn ÞK leggur til að sent verði inn erindi til Vegagerðar Ríkisins um tvenn undirgöng til að byggð ofan Reykjanesbrautar við byggð neðan Reykjanesbrautar. Tillaga þess efnis verður send inn til Vegagerðar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.